



Fundargerð

388. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps
þriðjudaginn 15. desember 2015 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Mariútröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson (KK) oddviti, Vilberg Þráinsson (VP), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Sandra Rún Björnsdóttir (SRB) og Eggert Ólafsson (EÓ) í forföllum Ágústar Más Gröndal (ÁMG). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fimm blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá, ekkert mál barst, þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá

Fundargerðir

1. 387. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps 12. nóvember 2015.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd 7. desember 2015.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1. 1511004 – Fjárhagsáætlun 2016-2019.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

2.2. 1501010 – Deiliskipulag athafnalóða á Tröllenda í Flatey.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

2.3. 1512001 – Skerðingsstaðir 2, 139679.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps staðfestir stofnun lóðarinnar Klettaborg, landnr. 223797, lóðin er 15,6 ha úr landi Skerðingsstaða 2, landnr. 139679. Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps gerir ekki athugasemdir við stofnun lögbýlisins Klettaborgar, landnr. 223797, úr landi Skerðingsstaða 2, landnr. 139679. Samþykkt samhljóða.

Fyrir liggur umsókn um landskipti á lóðinni Klettaborg, landnr. 223797, út úr jörðinni Skerðingsstöðum 2, landnr. 139679, dagsett 10. desember 2015 frá Gústafi Jökli Ólafssyni.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi umsókn um landskipti. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

3. Stjórn Barmahlíðar 10. desember 2015.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

3.1. 1511004 – Fjárhagsáætlun 2016-2019.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

Mál til afgreiðslu

1. 1512002 – Álagning gjalda 2016.

Álagningargjaldstig útsvars á tekjur ársins 2016 er 14,52%

Fasteignaskattur A 0,50%

Fasteignaskattur B 1,32%

Fasteignaskattur C 1,65%

Fráveitugjald 0,20%

Vatnsgjald 0,50%

Lóðarleiga 4% (af nýjum lóðum)

Sorpeyðingargjald skv. gjaldskrá innheimt með fasteignagjöldum og lóðarleigu.

Gjalddagar fasteignagjalda eru fjórir:

10. mars, 10. apríl, 10. maí og 10. júní 2016.

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Sé álagning kr. 15.000 eða lægri er einn gjalddagi, 10. mars 2016.

Sé álagning kr. 15.001 til 25.000 eru tveir gjalddagar, 10. mars og 10. apríl 2016.

Afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega með lögheimili og búsetu í Reykhólahreppi: Þeir njóta 100% afsláttar af fasteignaskatti ef árstekjur fara ekki yfir kr. 3.000.000 hjá einstaklingi og kr. 4.000.000 hjá hjónum. Afsláttur er veittur af einni íbúð hvers gjaldanda og þarf hann að eiga lögheimili í íbúðinni.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða útsvarsprósentu 2016 og álagningu gjalda 2016.

2. 1510008 – Fjárhagsáætlun 2016-2019, síðari umræða.

Fjárhagsáætlun lögð fram til síðari umræðu.

Fjárhagsáætlun 2016-2019 samþykkt samhljóða.

3. 1512004 – Viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2015.

Farið yfir viðauka við fjárhagsáætlun 2015.

Viðauki samþykktur samhljóða.

4. 1509002 – Leigusamningur um Kötluland.

Fyrir liggur undirritaður leigusamningur við Berg Þrastarson og Birgittu Jónasdóttur um leigu á Kötlulandi til 20 ára. Árlegt leigugjald er kr. 600.000 og uppfæriskr. árlega skv. vísitölu neysluverðs.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að þinglýsa samningnum um leið og lóðarblað berst frá byggingafulltrúa.

5. 1509007 – Kosning í nefndir.

5.1 Dreifbýlisnefnd.

Sveitarstjórn kýs aðalmenn og varamenn í dreifbýlisnefnd.

Flatey

Baldur Ragnarsson aðalmaður og Guðrún Ársælsdóttir varamaður.

Gilsfjörður

Erla Björk Jónsdóttir aðalmaður og Bjarki Stefán Jónsson varamaður.

Gufudalssveit

Erna Ósk Guðnadóttir aðalmaður og Styrmir Sæmundsson varamaður.

Innsveit og Geiradalur

Erla Reynisdóttir aðalmaður og Sveinn Ragnarsson varamaður.

Fulltrúi sveitarstjórnar

Áslaug B. Guttormsdóttir aðalmaður og Vilberg Þráinsson varamaður.

Samþykkt samhljóða.

5.2 Svæðisskipulagsnefnd.

Sveitarstjórn kýs Karl Kristjánsson og Ágúst Má Gröndal aðalmenn í svæðisskipulagsnefnd og Áslaugu B. Guttormsdóttur og Söndru Rún Björnsdóttur varamenn. Samþykkt samhljóða.

6. 1512005 – Styrkbeiðnir.

4.1 Stuðningur við Snorraverkefnið 2016.

Sveitarstjórn verður ekki við erindinu. Samþykkt samhljóða.

4.2 Skíðaskáli Skíðafélags Strandamanna.

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja skíðafélagið um kr. 100.000 vegna uppbyggingar á skíðaskála í Selárdal. Samþykkt samhljóða.

7. 1512010 – Styrkbeiðni vegna fasteignagjalda.

Erindi frá Björgunarsveitinni Heimamönnum, móttakið 10. desember 2015.

Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu og veita Björgunarsveitinni styrk sem svarar til fasteignagjalda ársins 2015. Samþykkt samhljóða.

8. 1512003 – Búnaðarlisti 2015, Reykhólahreppur.

Erindi frá Mannvirkjastofnun dagsett 3. desember 2015.

Erindið varðar búnaðarlista frá Slökkviliði Reykhólahrepps árið 2015, sem ekki hefur borist Mannvirkjastofnun, sem og lista yfir þá sem lokið hafa læknisskoðun.

Sveitarstjóra falið að funda með slökkviliðsstjóra og brunamála- og almannavarnanefnd varðandi erindið og málefni slökkviliðsins í heild. Samþykkt samhljóða.

9. 1510001 – Umsagnarbeiðni frá nefndasviði Alþingis.

9.1. Frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði), 263. mál.

9.2. Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frv. til laga um br. á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, 263. mál.

Sveitarstjórn tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

1. 1511002 – Öldungaráð Dalabyggðar og Reykhólahrepps.

Fulltrúar af hálfu Félags eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólahreppi, erindi frá formanni FEBDOR dagsett 23. nóvember 2015.

Lagt fram. Aðalfulltrúar FEBDOR eru Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og Prúður Kristjánsdóttir, varafulltrúar eru Sigurður Þórólfsson og Guðjón D. Gunnarsson.

2. 1502024 – Stjórnsýsla Flateyjar.

Ályktun frá stjórn Framfarafélags Flateyjar dagsett 18. nóvember 2015.

Lagt fram og rætt: Ályktun (erindi) stjórnar Framfarafélags Flateyjar (FFF), dags. 18. nóvember 2015, þar sem lýst er yfir „miklum vonbrigðum með þá málsmeðferð sveitarstjórnar Reykhólahrepps að leggjast gegn ósk íbúa Flateyjar um að stjórnsýsla Flateyjar færist til Stykkishólmsbæjar“. Í erindinu eru sjónarmið stjórnar FFF jafnframt reifuð og óskað eftir nánari skýringum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn fór yfir drög að svarbréfi og er sveitarstjóra falið að koma því á framfæri við FFF. Samþykkt samhljóða.

3. 1511007 – Aukaping Fjórðungssambands Vestfirðinga 4. nóvember 2015.

Þinggerð og þingskjöl til kynningar.

Lagt fram og kynnt.

4. 1512006 – Tilkynning um breytingar á lögræðislögum.

Erindi frá innanríkisráðuneyti dagsett 23. nóvember 2015.

Lagt fram.

5. 1512007 – Samþykkt fyrir Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks.

Staðfesting innanríkisráðuneytis á samþykktum dagsett 4. desember 2015.

Lagt fram.

6. 1512008 – Almannaþing sveitarfélaga – gerð leiðbeininga um störf almannaþingarnefnda.

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 26. nóvember 2015.

Lagt fram, vísað til brunamála- og almannaþingarnefndar.

7. 1503019 – Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga 12. nóvember 2015.

Fundargerð lögð fram.

8. 1502027 – Fundargerð stjórnar Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks
17. nóvember 2015.

Fundargerð lögð fram.

9. 1502025 – Fundargerð 832. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 19.52.

| | |
|-------|-------|
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |